

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm hf Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	16.8.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm hf	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Guðný Einarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá starfsleyfi kom fram við eftirlitið, en fimm ábendingar eru settar fram.

Enn eru opin tvö frávik frá fyrri árum.

Starfað hefur verið eftir úrbótaáætlunum vegna þeirra, sjá umfjöllun hér að neðan.

Stofnunin fellst á uppfærða úrbótaáætlun vegna koparnóta, sem fellst í því að seinustu koparnæturnar verði fjarlægðar eigi síðar en 31. janúar nk. og ekki verði settar út fleiri nætur með koparásætuvernum fyrr en til þess hafi fengist heimild. Frávikinu verður þó ekki lokað fyrr en pokarnir hafa verið teknir upp eða heimild sé til notkun koparásætuvarna í starfsleyfi.

Eftirlitið fór fram með yfirferð gagna á starfsstöð Arctic Smolt í Tálknafirði og siglingu út að kvíum í Hvannadal, Tálknafirði. Ekki var til staðar fiskur í kvíum við Kvígingisdal í Patreksfirði þegar vettvangsheimsóknin fór fram. Eftirlitsaðili heimsótti einnig athafnasvæði við flugbrautina við Sandodda Patreksfirði, bæði 17. ágúst og 25. ágúst sem og þann 20. september. Þann 17. ágúst var rætt við verkstjóra á staðnum á vegum verktaka sem vinnur að samsetningu kvía fyrir Arctic Sea Farm og Arnarlax.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2020, lífmassi og afföll
- Útsetningar, slátrun og hvíld
- Staðsetning eldissvæða
- Skráningar og skil gagna
- Vöktunaráætlun og -skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Hreinsunaráætlun vegna úrgangs í fjörum
- Skoðunarferð að kvíum

Farið var yfir stöðu frá seinasta eftirliti stofnunarinnar, haustið 2020.

1. Frávik skráð 2019 vegna umgengni við Sandodda er enn opið, þar sem ekki hefur tekist að hindra útbreiðslu plasts og rusls þegar samsetning hefst aftur að vori þó að einhver hreinsun hafi farið fram bæði eftir sumarið 2019 og 2020. Samningur var gerður við Vesturbyggð um að unglíngavinna staðarins tæki að sér einhverja hreinsun, starfsmenn verktaka sinna einhverri hreinsun vikulega, en miðað við ástand svæðisins þegar það var heimsótt í ágúst og september sl. hefur ekki tekist nægilega vel til með fyrirbyggjandi aðgerðir og að viðhalda hreinsun yfir sumarið. Talsvert magn af plastsvarfi var á flugbrautinni, sem verktaki getur sópað upp, en einnig þarf að leggja vinnu í að hreinsa sandinn við brautina þar sem bæði er að finna plast sem hægt er að rekja til fyrri verktaka og talsvert frá þeim er þar starfar nú við samsetningu. Því er ljóst að bæði hreinsunaraðgerðir seinustu ára og fyrirbyggjandi aðgerðir er gripið var til eru ekki nægjanlegar. Stofnunin leggur mikla áherslu á að skuli samsetning kvía fara fram á svæðinu til frambúðar þurfi að huga mikið betur að fyrirbyggjandi aðgerðum til að hindra losun plastsins út í sandinn.

2. Frávik var skráð í eftirliti 2020 er snéri að notkun koparnóta án heimildar. Í úrbótaáætlun áætlaði rekstraraðili að sækja um breytingu á starfsleyfi og senda inn matsskyldufyrirspurn þess efnis til Skipulagsstofnunar. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila dags.16. september sl. er notkun koparnóta hætt á meðan unnið er að nýrri matsskyldufyrirspurn. Þar til breytt leyfi liggur fyrir hyggst rekstraraðili einungis setja út leyfðar, ólitaðar nætur og þær nætur sem settar voru út á árinu innihalda ekki kopar. Einungis 3 nótapokar voru eftir í Hvannadal þegar vettvangsheimsóknin fór fram, en þeir voru litaðir með kopar sbr. umfjöllun eftirlitsskýrslu 2020. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila dags. 16. sept sl. var áætlað að búið verði að fjarlægja koparnæturnar fyrir 30. nóv nk., þegar slátrun í

Hvannadal yrði lokið. Skv. uppl. dags 26.okt sl. er nú áætlað að klára slátrun í janúar 2022.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar 2020 m.t.t. tíðni eftirlita og kynntar breytingar á flokkum áhættumatsins. Farið var yfir umhverfisstjórnunarkerfi og áhrif þess að starfa eftir (vottuðu) umhverfisstjórnunarkerfi á stigafjölda rekstraraðila í áhættumati.

Umfang starfseminnar var innan marka starfsleyfis á árinu 2020 m.t.t. framleiðslu og lífmassa á hverjum tíma. Slátrun úr Hvannadal hófst í apríl 2021 og var einungis fiskur eftir í 3 kvíum, eða um 377 tonn, þegar eftirlitið fór fram, en Kvígindisdalur hafði verið í hvíld síðan í 4. mars sl. Þegar vettvangsheimsóknin fór fram hafði hinsvegar verið slátrað upp rúmum 4400 tonnum á árinu 2021 úr Kvígindisdal, tæpum 4500 tonnum úr Hvannadal og áætlað var að slátrun úr Hvannadal lyki á árinu áður en svæðið fer í hvíld. Heimilt er skv. starfsleyfi að framleiða 6800 tonn á ári, eða 3400 tonn á hvoru eldissvæði fyrir sig, en miðað er við meðaltal þeirra ára sem kynslóð er í eldi.

Áætlað var að hefja útsetningar í Kvígindisdal í byrjun september og skv. uppl. frá rekstraraðila þann 16. sept sl. voru fyrstu seiðin sett út 3. sep sl. Svæðið hafði þá verið í hvíld frá 4. mars sl. þegar seinasta fiskinum af 2019 kynslóðinni var slátrað upp. Áætlað er að slátrun 2019 kynslóðar í Hvannadal ljúki í nóvember nk. Stofnunin minnir á að hvíldartími svæða er 6 mánuðir.

Kallað var eftir gögnum til staðfestingar á því að eldið og búnaður rúmist innan þeirra hnita sem koma fram í viðauka starfsleyfis. Skv. þeim upplýsingum sem stofnunin hefur rúmast eldi og búnaður innan leyfilegra svæða.

Skráningar eru í samræmi við gæðahandbók og -kerfi rekstraraðila. Ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var öllu skilað tímanlega. Fóðurstuðull ársins 2020 var tæpir 1,5. Skv. upplýsingum ársins 2021 var heildarfóðurstuðull kynslóðarinnar við Kvígindisdal lægri og stefnir einnig í að hann verði lægri fyrir Hvannadal. Rekstraraðila er bent á að huga vel að nýtingu fódurs til að m.a. lágmarka losun fosfórs. Fram kemur í ársyfirliti að miðað við lífmassaukningu ársins sé losun á fosfór 9 kg/ tonn. Gerð er sú krafa að losun fosfórs verði sett fram bæði m.t.t. framleidds magns og lífmassaukningar í ársyfirliti fyrir árið 2021. Einnig skal framvegis setja fram fóðurstuðul og losun fosfórs í kg/tonn sem tekur til heillar kynslóðar, fyrir hverja þá kynslóð sem klárað er að ala á því ári sem ársyfirlitið tekur til.

Eftirlitsaðila hafa borist vöktunarskýrslur v. sýnatöku við bæði Kvígindisdal (nóv 2020) og Hvannadal (apríl 2021) sem fór fram við hámarkslífmassa. Niðurstöður hvíldarsýnatöku eftir hvíldartíma Kvígindisdals nú í haust liggja ekki enn fyrir, en stofnunin minnir rekstraraðila á að senda þær stofnuninni þegar þær liggja fyrir.

Styrkur kopars í botnseti við Hvannadal er ekki merkjanlega hærri en við grunnsýnatöku sem fór fram 2019, áður en koparlitaðar nætur voru settar út. Við Kvígindisdal mældist kopar í seti á bilinu 27-34 mg/kg 2019, en við hámarkslífmassa var styrkur hans mældur 27-43 mg/kg. Stofnunin mun þó fylgja því eftir að skoða áfram kopargildi í botnseti.

Emamectinbenzóat (sem er virka efnið í Slice fóðri) mældist í seti á báðum svæðum, 130 ng/ kg þurrvigtar í Hvannadal og 760 ng/kg þurrvigtar í Kvígindisdal. Þessi styrkur er afleiðing af notkun lúsalyfja, en Slice fóður var gefið haustið 2019 sem meðferð við fiskilús. Stofnunin bendir sérstaklega á í þessu samhengi að þegar mælingarnar fóru fram hafði liðið meira en ár frá seinustu notkun lyfsins, en styrkur virka efnisins var enn mælanlegur. Því er ljóst að varlega þarf að fara í notkun lyfja og áhrifa gæti gætt á botndýrasamfélög lengi eftir notkun. Stofnunin mun skoða sérstaklega styrk efna í botnseti eftir hvíld svæða þegar vöktunarskýrslur hafa borist.

Einhver merki voru á báðum eldissvæðum um aukið lífrænt álag við hámarkslífmassa.

Skv. grænu bókhaldi rekstraraðila féllu til um 245 tonn af dauðfiski í dýrafóður eða meltu á árinu 2020. Hinsvegar er eitthvað misræmi í milli þeirra skráninga og þeirra gagna sem eftirlitsmanni voru send þegar vettvangsheimsóknin fór fram. Rekstraraðila er því bent á að skoða það. Úrgangur er flokkaður, plast og stórsekkir undan fóðri, almennt sorp, grófur úrgangur o.s.frv. Haldið er utan um magnið og móttökuaðila. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila voru engin lyf notuð á árinu 2020.

Notast er við maurusýru til að útbúa meltu úr dauðfiski. Sýran kemur í 1000 L tönkum (bömbum) sem eru tengdir við dælu um borð í fóðurpramma og dauðfiskurinn sýrður eftir hökkun. Sýrubambi um borð í fóðurpramma Hvannadal var í viðeigandi skýli sem er lokað af og merkt varúðarmerkingum.

Kvartanir hafa borist Umhverfisstofnun á árinu vegna ýmisa hluta sem fundist hafa í fjörum á Vestfjörðum, m.a. í Patreksfirði, en þeir hafa verið raktir til fiskeldis. Stofnunin óskaði því eftir hreinsun af hálfu Arctic Sea Farm og Arnarlax í Patreksfirði og að sett væri fram langtíma hreinsunaráætlun fyrirtækjanna og fyrirbyggjandi aðgerðir til að hindra það slíkir hlutir fari í sjóinn. Drög að hreinsunaráætlun bárust frá Arctic Sea Farm þann 6. júlí sl.

Einungis þrjár kvíar voru en með fiski í við Hvannadal þegar vettvangsheimsóknin fór fram. Eftirlitsaðili varð ekki var við mikið af fugli í skoðunarferðinni né var neitt óeðlilegt að sjá.

ÁBENDINGAR

Stofnunin bendir á að ekki hefur tekist nógu vel til með fyrirbyggjandi aðgerðir vegna plastsvarfs við samsetningu kvía við Sandodda, né hefur hreinsun verið fullnægjandi.

Stofnunin óskar eftir staðfestingu þess efnis þegar seinustu koparnætur við Hvannadal hafa verið teknar úr sjó og minnir á að öll útsetning nótapoka sem eru litaðir með koparoxíði er með öllu óheimil ef ekki er heimild til þess í starfsleyfi.

Stofnunin óskar eftir því að í ársyfirliti vegna ársins 2021, sem skila á fyrir 1. maí nk., verði losun fosfórs reiknuð bæði m.t.t. losunar í kg/framleitt tonn og /lífmassaaukningu á árinu, sem og að framvegis verði í ársyfirliti settir fram fódurstuðlar og losun fosfórs fyrir heildareldistíma hvernar þeirrar kynslóðar sem eldi lýkur á viðkomandi ári.

Stofnunin hefur óskað eftir hreinsunaráætlun og áætlun v. fyrirbyggjandi aðgerða vegna rusls í fjörum.

Rekstraraðila er bent á að skoða misræmi í skráningum og gagnaskilum v. magns dauðfisks.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.10.2021

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

